

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 975. fundi sínum 22. nóvember 2023, óverulega breytingu á deiliskipulagi Bygggarða í samræmi við 3. mgr. 43. og 44. gr. skipulagslaga. Í breytingunni felst að markaðar eru 8 nýjar lóðir fyrir djúpgáma og hækkun þakkóta á lóð 17 og 26 um 1,3 m.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Seltjarnarnesbæjar, 14. febrúar 2024,

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 29. febrúar 2024